



Síða 1 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun (TÓMS2BU05) haustönn 2018	

<b>Kennari/kennarar:</b> Arnar Sigurgeirsson	<b>Netfang/netföng:</b> arnar@fva.is
---	---

<b>Námsgögn:</b> Efni frá kennara
--------------------------------------

<p><b>Lýsing:</b></p> <p>Í áfanganum er fjallað um hvað eru tómsundir, hvert er hlutverk þeirra sem vinna á sviði frístunda og tómsunda. Fjallað er um hlutverk þeirra sem vinna á þessu fræðasviði, kynnt helstu starfsvið og vettvanga frístundastarfs. Nemendur kynast kenningum um hópastarf og læra að þekkja ólíkar formgerðir náms. Hvernig vinna skal með reynslu og lýðræði, samtalið, samskipti, nánd og umhyggju. Jafnframt verður skoðað félagsmótun, kyn og næmni fyrir ólíkum einstaklingum. Nemendur læra þannig með hagnýtum og skapandi hætti helstu kenningar í tómsundafræðum.</p>
---

<p>Markmið (þekking, leikni, hæfni):</p> <p>Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• kenningum í tómsundafræðum</li> <li>• hvað telst til reynslunáms, lýðræði og óformlegsnáms</li> <li>• eiginleikum og hlutverki lóðsa í frístundastarfi.</li> <li>• mikilvægi þess að þekkja bæði styrkleika og veikleika sína í vinnu við verkefni í frístundastarfi.</li> <li>• hlutverki leiðtoga og stjórnenda í frístundastarfi.</li> </ul> <p>Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hafa áhrif á samskipti innan hópa.</li> <li>• koma jákvæðum boðskap inn í hópastarf.</li> <li>• afla upplýsinga um starf sitt og verkefni sem unnið er að.</li> <li>• afla upplýsinga um þarfir mismunandi hópa fyrir frístundastarf.</li> <li>• kynna verkefni í frístundastarfi.</li> <li>• semja markmið fyrir mismunandi verkefni og hópa á vettvangi frítímans.</li> </ul> <p>Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• afla upplýsinga um félagsstarf í frítíma á ákveðnu svæði og koma með hugmyndir að nýjum verkefnum í samráði við hagsmunaaðila sem metið er með hópaverkefni, kynningu og umræðum.</li> </ul>
--

Síða 2 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun (TÓMS2BU05) haustönn 2018</b>	

- búa til raunhæfa áætlun um verkefni í frístundastarfi sem ætlað er fyrir tiltekinn hóp fólks sem metið er með skriflegri áætlun og kynningu.
- kynna frístundastarf bæði fyrir hugsanlegum samstarfsaðilum og þátttakendum sem metið er með skriflegri áætlun, leiðsagnamati og kynningu.
- vinna þemaverkefni eða annað frístundastarf sem ætlað er fyrir tiltekinn hóp fólks sem metið er með hópavinnu.
- leiða saman mismunandi einstaklinga, hópa og stofnanir til að starfa saman að ákveðnum verkefnum fyrir frístundastarf sem metið er með kynningu, verkefni og umræðum.

#### Námsmat:


Í áfanganum er símat og skiptist námsmatið í; eitt 25% einstaklingsverkefni, tvö 25% hópverkefni, fjögur 5% einstaklingsverkefni og ástundun gildir 5%  
Nemandi þarf að skila öllum verkefnum til að standast áfangann.

#### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

- Mikilvægt er að skoða kennsluáætlun vel kynna sér efni hennar. Henni verður fylgt og því ætti ekkert að koma á óvart.
- Öll verkefnaskil fara fram á innu í þar til gerðar möppur, athugið vel hvenær þær möppur lokast
- Ekki er gefinn frestur á verkefnaskilum nema í algjörum undantekningartilfellum.
  - Ekki er ráðlagt að vera að vinna verkefni fram á síðustu stundu
  - Góð skipulagning er gulls ígildi.
- Sé nemandi veikur þegar próf eru getur nemandi tekið prófið í lok annar (16 eða 17 viku)
- Óskir um sérúrræði vegna prófa eða verkefna þurfa að berast í tímanlega. Það er ekki víst að hægt sé að bregðast við slíkum óskum berist þær á síðustu stundu.
- Verði nemandi uppvísa af ritstuld í verkefnum eða að svindla á prófi fær viðkomandi 0 í þeim námsþætti og mögulega fall í áfanganum.
- Gangi samstarf í hópaverkefnum illa af einhverri ástæðu skal ræða það sem fyrst við kennara svo hægt sé að leita lausna. „Farþegar“ í hópavinnu eiga í hættu á að fá lægri einkunn en aðrir í hópnum fyrir skil.
- Mundu að ef veikindi verða (kennara eða nemenda) þá er ætlast til að þú haldir áfram að læra eftir námsáætlun eins og kostur er!

#### Tími við nám:


Tímasókn; 60 klst.

	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun (TÓMS2BU05) haustönn 2018</b>	

Síða 3 í 4

Heimavinna; 50 klst.

Alls: 110 klst. (áætlað fyrir alla önnina)

Síða 4 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun (TÓMS2BU05) haustönn 2018</b>	

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	20.8-24.8	Kynning á áfanga – Söguleg þróun frístunda	
2	27.8-31.8	Söguleg þróun frístunda – Samantekt/einstaklingsverkefni	5%
3	3.9-7.9	Þróun frístundastarfs, viðtal við 2-3 kynslóðir	
4	10.9-14.9	Þróun frístundastarfs, ritgerð um viðtölin og samantekt, hvað hefur breyst? – skil 14.9 kl 23:59	25%
5	17.9-21.9	Hvað eru tómstundir og afhverju skipta þær máli?	
6	24.9-28.9	Hvað eru tómstundir? – Samantekt/einstaklingsverkefni	5%
7	1.10-5.10	Hópeflisverkefni	
8	8.10-12.10	Hópeflisverkefni	
9	15.10-17.10	Hópeflisverkefni – Myndbönd sýnd og skýrslu skilað 17.10 kl 23:59	25%
10	22.10-26.10	Leiðtoginn og hlutverk starfsmanna	
11	29.10-2.11	Leiðtoginn	
12	5.11-9.11	Leiðtoginn – Samantekt/einstaklingsverkefni	5%
13	12.11-16.11	Íþróttir og forvarnir – Samantekt/einstaklingsverkefni	5%
14	19.11-23.11	Forvarnaverkefni – Innlögn um forvarnir	
15	26.11-30.11	Forvarnaverkefni	
16	3.12-8.12	Námsmatsvika - kynning	
17	10.12-14.12	Námsmatsvika - kynning	25%

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*